

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, Lárus homðopath Pálsson, greiði stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímsyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 6. júlímánaðar.

Nr. 19/1891.

Rjettvísín

gegn

lögregluþjóni Þorvaldi Björnssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í hjeraði höfðað gegn hinum ákærða Þorvaldi Björnssyni, lögregluþjóni í Reykjavík, fyrir brot gegn 125. og 129. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga 1869, og var það dæmt í aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar hinn 13. maímán. síðastl. á þá leið, að ákærði ætti að greiða 40 kr. sekt í landssjóð, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi, svo og inna af hendi allan löglegan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefur verið áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera, og hefur hinn skipaði sækjandi þar lagt fram nokkur ný skjöl í málinu.

Eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, eru atvik þess eins og nú skal greina. Hinn ákærði, sem er skipaður lögregluþjónn í Reykjavík, býr í sama húsi og prestaskólástúdent einn, og eru íbúðarherbergi þeirra samhliða eða á sama lofti í húsinu. Síðastliðið

páskadagskvöld hafði prestaskólastúdentinn heima hjá sjer 2 menn og sátu þeir við vindrykkju; annar þessara manna var Helgi Skúlason, sem einnig er prestaskólastúdent. Um miðnætisbil var hinn ákærði háttaður, eptir því er hann skýrir frá, en fór þá á fætur, með því að honum þótti allt of mikil háreysti hjá sambýlismanni sínum, fór yfir til hans, og fann að því við hann, að hann hjeldi fyrir sjer vöku með drykkjuslarki, og skoraði á hann að láta gestina fara burtu. Þessi herbergisráðandi virðist þá hafa verið svo drukkinn, að lítið hafi orðið um andsvör af hans hendi, en áður-nefndur Helgi Skúlason svaraði ákærða; lenti þá þegar í skömmum með þeim og ryskingum; vildi ákærði koma Helga út úr herberginu, en gat eigi komið honum það; stökk hann þá út, en kom inn aptur mjög skömmu síðar í einkennisbúningi lögregluþjónanna og með annan mann með sjer; tóku þeir Helga Skúlason með valdi út úr húsinu og fóru með hann rakiðis upp í hegningarhús og afhentu hann fangaverðinum, sem tók hann í varðhald, ljet hann háttu og rannsakaði fót hans. Hinn ákærði fór síðan heim til sín, en sá sig þá um hönd, og bæði þess vegna og sumpart fyrir fortölu manns eins, sem hann tjáði þessar tiltektir, fór hann eptir nálægt því klukkustund aptur upp í hegningarhúsið, ljet sleppa Helga Skúlasyni út þaðan, og fylgdi honum heim til sín, og virðist þá Helga hafa verið þetta ógeðfellt. Svo kærði Helgi þessar aðfarir lögregluþjónsins 3 dögum síðar. Fyrir yfirdóminum er það nú ennfremur upplýst, að tæpum 6 vikum eptir, að þetta skeði, varð Helgi Skúlason brjáláður, og í vottorði, er landlæknirinn hefur gefið hjer að lútandi, telur hann



það »líklegt«, að fangelsan Helga hafi »meðal annars«, orsakað brjálsemi hans.

Hinn ákærði hefur tekið það fram, að viðkomandi hús-eigandi hafi falið sjer á hendur að hafa umsjón yfir herbergjum þeim, sem hann rak Helga Skúlason út úr, og hafi hann því gjört þetta sem húsráðandi. Fyrst eptir að hann var kominn út úr herbergjunum með Helga, hafi hann sakir mótþróa hans tekið það ráð, að fara með hann upp í hegningarhúsið, þó þeir ættu leið rjett fram hjá bústað Helga. Það er nú ekki sannað í málinu, að ákærði, sem að vísu átti að hafa eptirlit með herbergjunum og húsgögnum í þeim, hafi haft svo víðtækt umboð í þessu efni, að honum væri heimilt að reka Helga Skúlason út, sjerstaklega þegar þess er gætt, að það er eigi sannað, að Helgi og þeir, sem með honum voru, hafi gjört óspektir eða hegðað sjer ósiðlega í herbergjunum. En auk þessa bendir allt á það, að hinn ákærði hafi einmitt sem lögregluþjónn tekið Helga út úr herbergjunum; hann fer í einkennisbúning sinn, hefur lögregluþípu sína með sjer, fær mann utanhúss sjer til hjálpar, og fer viðstöðulaust með manninn upp í hegningarhús fram hjá bústað hans, sem var einmitt í leiðinni, en á götunni gjörði Helgi engan ófrið eða neina verulega mótstöðu. Til þess á þennan hátt að taka Helga fastan í annars manns líbýlum og fara með hann í varðhald, hafði ákærði eigi nægilegan myndugleika, þótt hann sjálfur kunni að hafa litið svo á, og hefur hann því með þessu tiltæki sínu gjörzt sekur í broti gegn 129. sbr. 145. gr. hegningarlaganna, eins og undirdómarinn einnig hefur álitid. Þó að það sje eigi alls ólíklegt, að brjálsemi Helga Skúlasonar hafi að nokkru løyti stafað af þessari fangelsan, getur það atvik eigi

orðið til þess að þyngja refsingu hins ákærða, því að engin átylla er til þess að álíta, að þessi afleiðing hafi getað verið honum fyrirsjáanleg. En fyrir brot það, sem að framan er lýst, ber að hegna hinum ákærða samkvæmt nýnefndum greinum hegningarlaganna með sekt, er þykir hæfilega ákveðin 120 kr., og komi í stað hennar 36 daga einfalt fangelsi, sje hún eigi öll greidd í ákveðinn tíma. Um málskostnað í hjerði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar verður hinn ákærði einnig að greiða, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, lögregluþjónn Þorvaldur Björnsson, greiði 120 kr. sekt í landssjóð, eða sæti 36 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Svo ber honum og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, settra málsfærslumanna Hannesar Hafstein og Ásmundar Sveinssonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.